

<b>Fundarnúmer:</b>	525
<b>Dagsetning:</b>	15.01.2008
<b>Tími:</b>	10:00
<b>Staður:</b>	Fundarsalur Ráðhúss

#### **Dagskrá:**

1. Viðræður við Hrannar B. Haraldsson, Stefán Grétarsson, Sverri Sigurðsson og Sigurð Björnsson.
2. Upplýsingar frá SSNV um refa- og minkaveiðar á Norðurlandi vestra.
3. Bréf Helgu Hreiðarsdóttur og Daníels Karlssonar.
4. Bréf Guðmundar Erlendssonar.
5. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi.
6. Erindi Ómars Karlssonar.
7. Bréf Skipulagsstofnunar.
8. Bréf SSNV – Ósk um tilnefningu aðila í stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra.
9. Bréf Samgönguráðuneytisins.
10. Bréf Félagsmálaráðuneytisins.

#### **Afgreiðslur:**

1. Hrannar Haraldsson, Sigurður Björnsson og Stefán Grétarsson eru mættir til fundar með byggðarráði vegna lóðarumsóknar þeirra, Sverris Sigurðssonar og Stálgrindahúsa ehf. sem lögð var fram á síðasta fundi byggðarráðs. Rætt almennt um skipulagsmál og þá sérstaklega v/ iðnaðarlóða við Höfðabraut. Aðilar eru sammála um að skoða möguleika á byggingu iðnaðarhúss á lóð nr. 36 við Höfðabraut.
2. Fram lögð til kynningar samantekt SSNV um fyrirkomulag og kostnað við refa- og minkaveiði á Norðurlandi vestra. Samþykkt að senda Landbúnaðarráði samantektina til upplýsingar.
3. Bréf Helgu Hreiðarsdóttur og Daníels Karlssonar lagt fram en þar er óskað eftir því að Húnaþing vestra taki þátt í greiðslu kostnaðar af tónlistarnámi vegna náms nemanda á Listnámsbraut - tónlistarsviði við Menntaskólann á Akureyri. Sveitarstjóra falið að afla upplýsinga frá Menntaskólanum á Akureyri og ræða við bréfitara og gera byggðarráði síðan grein fyrir stöðu málsins.
4. Fram lögð tvö bréf frá Guðmundi Erlendssyni verkstjóra áhaldahúss þar sem hann gerir annarsvegar athugasemdir við áform um kaup sveitarfélagsins á húsnæði þjónustumiðstöðvar að Búlandi 3 á Hvammstanga og hins vegar kostnaðaráætlun sem hann leggur fram um nýbyggingu fyrir þjónustumiðstöð. Vegna bréfa Guðmundar Erlendssonar, verkstjóra um húsnæðismál áhaldahúss tekur byggðarráð fram að í niðurstöðum starfshóps í tækni og umhverfismálum Húnaþings vestra, sem kynntar voru í nóvember 2006, var lagt til að gengið yrði til samninga við eiganda um kaup sveitarfélagsins á núverandi leiguhúsnæði þjónustumiðstöðvar að Búlandi 3 á Hvammstanga. Í fjárhagsáætlun ársins 2007 var upphaflega gert ráð fyrir 10 millj. kr. til þeirrar fjárfestingar en við endurskoðun áætlunarinnar var sú ákvörðun felld út þar sem fyrirséð var að samningar um kaup næðust ekki á árinu. Þann 22. október sl. samþykkti byggðarráð að fela sveitarstjóra að eiga viðræður við húseiganda um kaup eða áframhaldandi leigu húsnæðisins. Niðurstaða þeirra viðræðna var kynnt á síðasta fundi byggðarráðs.
5. Fram lagt erindi Sýslumannsins á Blönduósi þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar Helga Kristinssonar f.h. N1 hf. um leyfi til að reka veitingasölu í Staðarskála í Húnaþingi vestra. Byggðarráð gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.
6. Fram lagt erindi Ómars Karlssonar þar sem hann óskar eftir því að sorpgjöld vegna Hörpu HU-44 með skráningarnúmer 1081 verði felld niður vegna árána 2006,2007 og 2008.

Byggðarráð samþykkir að hafna erindinu en bendir á að á árinu 2008 verður sú breyting að sorpeyðingargjald verður ekki lagt á rekstraraðila þar sem þeim er ætlað að skila sorpi á móttökustöð eða semja sérstaklega við sorphirðuverktaka um sorphirðu.

**7.** Fram lagt bréf Skipulagsstofnunar þar sem greint er frá því að stofnunin hafi farið yfir framlögð gögn vegna deiliskipulags í Kirkjuhvammi. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda. Byggðarráð samþykkir að skipulagstillagan verði auglýst.

**8.** Bréf SSNV lagt fram en þar er óskað eftir tilnefningu tveggja aðila frá Húnaþingi vestra í stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra. Byggðarráð samþykkir að tilnefna Guðmund Hauk Sigurðsson og Hrafnhildi Víglundsdóttur í stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra.

**9.** Til kynningar lagt fram bréf Samgönguráðuneytisins þar sem gerð er grein fyrir flutningi umsýslu sveitarstjórnarmálefna þ.m.t. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá Félagsmálaráðuneyti til Samgönguráðuneytis frá og með 1. janúar sl.

**10.** Bréf Félagsmálaráðuneytisins lagt fram. Í bréfinu er gerð grein fyrir ákvörðun um ráðstöfun framlags vegna ársins 2007 til sveitarfélaga sem verða fyrir tekjumissi vegna tímabundins samdráttar í aflamarki þorsks. Framlag til Húnaþings vestra vegna ársins 2007 er kr. 500.000- Byggðarráð samþykkir að umrætt framlag renni til Hafnarsjóðs Hvammstangahafnar.

Samþykkt að taka á dagskrá:

**11.** Umhverfisstjóri og skrifstofustjóri gerðu byggðarráði grein fyrir því að vegna óviðráðanlegra orsaka muni sorphirða í dreifbýli hefjast 1. apríl nk. en ekki 1. febrúar eins og fyrirhugað var. Byggðarráð samþykkir að sorpgjald á íbúðarhús í dreifbýli þar sem föst ábúð er verði lækkað frá því sem áður var samþykkt og verði vegna ársins 2008 kr. 17.000- Jafnframt lögðu þær til að sorpeyðingargjald vegna sorpeyðingar rekstraraðila, fyrirtækja og stofnana sem semja við sorphirðuverktaka um hirðingu í stað þess að skila sorpi á móttökustöð verði á árinu 2008 11 kr. af hverju kíló. Byggðarráð samþykkir framlagða tillögu umhverfisstjóra og skrifstofustjóra.

**12.** Vegna fyrirhugaðs fundar með nefnd um málefni Norðurlands vestra nk. mánudag kl. 10:00 samþykkir byggðarráð að næsti fundur byggðaráðs verði haldinn mánudaginn 21. janúar nk. kl. 13:30. Einnig samþykkt að áður samþykktum fundartíma sveitarstjórnar verði breytt þannig að fundurinn verði þriðjudaginn 22. janúar nk. kl. 15:00 í stað 21. janúar nk. kl. 13:00.

**13.** Rætt um skipulag fundar um atvinnumál í Húnaþingi vestra sem verður haldinn í Félagsheimilinu Ásbyrgi í kvöld kl. 20:30

**14.** Rætt um skipulag fundar með nefnd um málefni Norðurlands vestra nk. mánudag kl. 10:00

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 13:05

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),  
Elín R. Líndal(sign.), Stefán Böðvarsson(sign.),

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).